



Skólaárið 2016-2017

Annar fundur skóla- og foreldraráðs haldinn í skólanum 2. febrúar 2017 kl. 8-9.

Mætt voru: Gunnþór skólastjóri, Heike fulltrúi grunnskólakennara, Hanna fulltrúi leikskólakennara, Elín fulltrúi annars starfsfólks, Sigurður fulltrúi foreldra leikskólabarna og grenndarsamfélags, Kristín fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

1. Farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs 2017-2018 og hvernig því er stillt upp. Það er unnið með hinum skólum sveitarfélagsins. Ráðinu finnst að vetrarfrí ættu að vera samræmd t.d. með Fjallabyggð og Akureyri ef það er möglegt.

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á sumarlokun þessa árs þ.e. fræðsluvið og skólastjórar leggja til að sumarlokun leikskóla hefjist 17. júlí í stað 10. júlí vegna þess að þá opnar aftur eftir fiskidag þar sem frídagur verslunarmanna er seint á ferð. Ráðið sátt við þessa breytingu en hana verður að leggja fram sem fyrst.

2. Farið yfir skýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá desember 2016. Helsta niðurstaða er þessi: Húsnæði skólans er mjög snyrtilegt og vel umgengið og eru engar athugasemdir gerðar við það sem slíkt.

Leiksvæði skólans (tvö) voru yfirfarin og gerðar athugasemdir við nokkra keðjuhlekki og lása sem þurfti að gera úrbætur á fyrir 1. febrúar, það hefur verið lagfært. Einnig þarf sveitarfélagið að sjá til þess að rekstrarskoðun sé framkvæmd reglulega á báðum leiksvæðum eftir gátlista sem og árleg aðalskoðun.

3. Búið er að panta leikkofa og rennibraut til að setja niður á leiksvæði Kötlukots í sumar. Tækin eru frá Krumma ehf, vottuð og góð.

4. Rýmingaræfing nr. 2 þetta skólaárið var haldin 11. janúar. Að þessu sinni gengum við öll saman um skólann, fórum yfir alla neyðarútganga og aðrar almennar útgönguleiðir, merkingar, slökkvitæki og almennt um mikilvægi þess að geta bjargað sér og öðrum þegar hætta stafar að.

5. Önnur mál. Kristín ræddi um Grænánaverkefni sem kennari á Dalvík hefur hug á að fara í með öllum skólunum og samfélaginu með það að markmiði að gera sveitarfélagið plastpokalaust eins og kostur er. Ráðið tekur vel í að vera með í slíku verkefni enda þarft að finna leiðir til að sporna við notkun plasts.

Fleira ekki gert, næsti fundur verður í apríl/maí, fundargerð ritaði Gunnþór skólastjóri